

Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar

Leikskólinn Brekkuborg
Hlíðarhúsum 1, Grafarvogi
2018 – 2019



Leiðarljós skóla og frístundasviðs:

Að öll börn og ungmenni í borginni eigi kost á menntun og leik við sitt hæfi, þar sem ýtt er undir sköpun og frumkvæði og byggt er á styrkleikum, áhuga og færni hvers og eins. Þeim líði vel, fari stöðugt fram og öðlist uppeldi og menntun sem nýtist þeim í lífinu.

Hlutverk

Veita börnum og ungmennum bestu mögulegu tækifæri til leiks, menntunar og frístundastarfs í samvinnu við fjölskyldur og nærsamfélagið.
Vera framsækið forystuafl í skóla- og frístundastarfi.

Efnisyfirlit

Um starfsáætlanir leikskóla	3
Leiðarljós leikskólans:	4
1 Stutt greinargerð leikskólastjóra um starfið á síðasta ári	4
2 Um innra mat í leikskólum	6
2.1.1 Stutt greinargerð deildarstjóra Brekkulindar um starfið á síðasta ári.....	7
2.1.2. Stutt greinargerð deildarstjóra Brekkulyngs um starfið á síðasta ári.....	
2.1.3. Stutt greinargerð deildarstjóra Brekkulundar um starfið á síðasta ári.....	
2.1.4. Stutt greinargerð deildarstjóra Brekkulautar um starfið á síðasta ári.....	
3 Ytra mat	15
4 Stutt greinargerð sérkennslustjóra um starfið á síðasta ári	15
5 Skipulagt starf vegna barna með annað móðurmál en íslensku.	17
6 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla.....	19
7 Foreldrasamvinna	20
8 Samstarf leik- og grunnskóla (<i>Stutt um helstu áherslur í samstarfi skólanna</i>).....	21
9 Skipulagsdagar.....	23
10 Fylgigögn.....	23
10.1 Umbótaáætlun	Villa! Bókamerki ekki skilgreint.
10.2 Umsögn foreldraráðs).....	23
10.3 Leikskóladagatal	11

Um starfsáætlanir leikskóla

Leikskólar gera starfsáætlun sem byggir á skólanámskrá leikskólans þar sem fjallað er um árlega starfsemi leikskólans, birt skóladagatal og ýmsar aðrar hagnýtar upplýsingar um skólahald hvers leikskóla. Áætlunin þarf að fá umsögn foreldraráðs áður en skóla- og frístundaráð tekur hana til afgreiðslu samkvæmt lögum um leikskóla.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Hún á að sýna starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum hvernig starf leikskólans gekk á síðasta leikskólaári og hvernig unnið verði að umbótum og nýjum verkefnum á því næsta.

Í starfsáætlun leikskólans skulu koma fram:

- Matsaðferðir leikskólans og umbótamiðuð áætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats.
- Áherslur í leikskólastarfinu sem ætlunin er að vinna að, skipulag, leiðir að markmiðunum og hlutverk starfsfólks.
- Áætlun um hvernig markmiðin verða metin og hvernig og hvort þeim hefur verið náð.
- Áherslur í starfsáætlun skóla- og frístundasviðs sem leikskólinn vinnur að.
- Starfþróunaráætlun leikskólans og upplýsingar um starfsmannamál.
- Upplýsingar um foreldraráð, foreldrafundi og foreldraviðtöl.
- Umsögn foreldraráðs.
- Skóladagatal fyrir árið.

Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til skóla- og frístundasviðs fyrir 1. júlí. Starfsáætlun er leiðarvísir starfsins og því er mikilvægt að skil séu á réttum tíma svo nýta megi hana í starfi leikskólans yfir veturinn. Starfsáætlanir eru lagðar fyrir skóla og frístundaráðs til samþykktar.

Leiðarljós leikskólans: Lýðræði, virðing og vinátta.

1 Stutt greinargerð leikskólastjóra um starfið á síðasta ári

Leikskólastjóri kom úr árs leyfi í september 2017 og skömmu seinna hætti aðstoðarleikskólastjórinn. Ekki hefur tekist að ráða í hans stað. Starfsmannahaldið hefur einkennst af vissum stöðugleika þó vantað hafi í stöður því lítið var um skammtímaveikindi en einn starfsmaður var í langtímaveikindum allt starfsárið.

Starfsmannahópurinn hefur veturinn 2017-2018 hugað mikið að innra starfi skólans.

- Starfsmannahópurinn byrjaði að rýna námskrá skólans sem gefin var út 2016. Munum við halda þeirri vinnu áfram á nýju starfsári.
- Haldið var áfram að þróa sameiginlegt borðhald í sal skólans. Börnin ná sér í mat af hlaðborði og skammta sér sjálf. Lögð hefur verið áhersla á að þau læri sitt magamál, fái sér minna í einu og komi frekar aftur. 24 börn geta setið í einu í salnum og er reynt að hafa amk 2 sæti laus þannig að þau hafi val um hvar þau sitji. Börnin eru hvött til sjálfstæðis, þau smyrja brauðið sitt sjálf, hella sjálf í glösin og ganga frá eftir sig. Matartímarnir hafa gengið vel og er almenn ánægja með fyrirkomulagið.
 - Öll börn í skólanum borða saman morgunverð.
 - Tvær elstu deildirnar borða hádegisverð saman. Í júní hafa nokkur eldri börn af yngri deildunum komið og borðað í salnum. Leikskólastjóri og sérkennslustjóri hafa séð um hádegisverðinn í vetur á meðan starfsfólk eldri deildanna tekur kaffitíma.
 - Síðdegishressingin er einnig snædd í salnum. Haustið 2017 voru það einungis eldri deildarnar en yngri deildirnar byrjuðu að borða í salnum um áramót.
- Mikil samvinna er á milli deilda.
 - Á hverjum morgni er dagbókarfundur þar sem stjórnendateymið fer yfir daginn. Sjálfsagt þykir að lána bæði börn og starfsmenn milli deilda svo dagurinn gangi sem best.
 - Deildarfundir og deildarstjórafundir hafa ekki fallið niður.
 - Svigrúm hefur verið til undirbúnings en með auknum undirbúningstíma haustið 2018 verðum við að skipuleggja hann betur og festa niður á daga.
- Nýting svæða. Á Brekkuborg eru frekar fjölmennar deildar og hefur það kallað á að við nýtum vel þau svæði sem við þó höfum, bæði inni og úti.
- Allt endurmat var unnið með umræðumati á fundum starfsmanna.

Elstu börn Brekkuborgar eru í samstarfi við dagdeild Eirar og hafa verið í aldarfjórðung. Mikil ánægja er með þetta starf hjá báðum aðilum. Sérstaða þessa samstarfs er að ekki einungis erum við að fara í heimsókn á Eir og syngja fyrir eldri borgara heldur vinnum við saman að verkefnum, förum í leiki og gönguferðir saman.


Okkur hlakkar til næsta starfsárs með öllum sínum áskorunum. Þegar þessi orð eru rituð er búið að vista í 70 pláss, 6 pláss laus. Til að geta tekið á móti þessum börnum vantar okkur í rúmar 4 stöður, þar með talið 100% stöðu aðstoðarleikskólastjóra, 100% stöðu í stuðning fyrir barn með sérþarfir, 50% stöðu í aðstoð í eldhúsi.

Starfsmannahópurinn á Brekkuborg vinnur vel saman og við munum gera allt okkar besta til að halda áfram faglegu skólastarfi.

2 Um innra mat í leikskólum

Í innra mati er gert mat á skólastarfi byggt á **skólanámskrá** leikskólans og eða **áherslum** leikskólans og SFS. Skoða þarf hvernig gengur að vinna að markmiðum leikskólans og tilgreina hvaða leiðir eru farnar til að ná fram þessum markmiðum og safna gögnum um framvinduna. **Meta þarf sérstaklega nám og velferð barna, styrkleika þeirra og hæfni.**

Hægt er að líkja matinu við hringlaga ferli þar sem gagnaöflun fer fram í starfinu. Gögn eru greind í samvinnu, lagt mat á þau og ákvarðað hvað skal gera í framhaldinu. Settar eru fram umbætur/matsáætlun sem byggja á niðurstöðum gagna líðandi starfsárs og vinna skipulögð út frá þeim niðurstöðum. Í umbótaráætlun eru settar fram hvaða leiðir þarf að fara til að ná þeim viðmiðum sem stefnt er að. Þannig fer þetta ferli hring eftir hring og stuðlar að bættu skólastarfi.



Leiðbeingar um innra mat leikskóla, bls. 8.

Gera skal **matsáætlun/umbótaráætlun** og gerið grein fyrir hvað þættir í leikskólastarfinu er áætlað að meta og/eða bæta. Hver deild/sérkennsla skilar matsáætlun út frá skólanámskrá leikskólans og markmiðum sem sett eru í upphafi skólaárs ásamt stuttri **greinagerð deildarstjóra/sérkennslustjóra** um hvað og af hverju matsþættirnir voru valdir fyrir starfsárið út frá niðurstöðum líðandi starfsárs (2017-2018).

2.1.1. Stutt greinargerð deildarstjóra Brekkulindar um starfið á síðasta ári

Í upphafi vetrar voru 16 börn á deildinni fædd 2014, 2015 og 2016 en eftir áramót urðu þau 13. Þrír starfsmenn í 290% stöðu. Starfsemi vetrarins gekk í heild sinni vel þrátt fyrir að einn starfsmaður fór á Eflingarnámskeið. Það sem við ætluðum að gera var unnið af fagmennsku. Áætlunin var að dýpka okkur í hugmyndafræði Reggio Emilia en það tókst ekki að fullu þennan veturinn, en munum halda ótrauð áfram næsta vetur. Við lögðum áherslu á vettvangsferðir og útinám með elstu börnunum sem gekk mjög vel. Einnig lögðum við mikla áherslu á lestur og aukinn orðaforða. Börnin komu með bækur að heiman í verkefninu Bókaormur vikunnar sem þeim þótti mjög spennandi.

Innra mat Brekkulind

Skipulagt starf gekk mjög vel fram í febrúar 2018 en þá fór starfsmaður deildarinnar á Eflingarnámskeið. Vegna þess breyttust áherslur í hópastarfi.

Litavikur gengu vel .

Vettvangs ferðir elstu barna voru einu sinni í viku og gekk það vel. Úthald barnanna hefur aukist mikið. Útinám fer fram í vettvangsferðum og á útivistartíma. Rætt er um umhverfið og náttúruna, hvernig við eigum að ganga um umhverfi okkar. Við fylgjumst með dýralífi og gróðri og tækifæri gripin þegar upp koma spurningar hjá börnunum. Börnunum er kennt að bera virðingu fyrir náttúrunni og hvoru öðru.

Morgunverður/síðdegiskaffi í sal gengur vel. Börnin eru orðin nokkuð sjálfstæð og vilja gera sjálf, en yngstu börnin þurfa þó meiri aðstoð en þau eldri.

Við vinnum í anda Reggio Emilia og notum náttúruleg og verðlaus efni . Höfum notað ljósaborðið í vetur og leikið með ljós og liti.

Sjálfs hjálp í dagsins önn. Við leggjum áherslu á að þjálfarín- og grófhreyfingar barnanna í öllum aðstæðum dagsins og hjálpum þeim til að verða sjálfstæðir og getumiklir einstaklingar.

Tónlist: Tónlistarstundir voru einu sinni í viku fram í miðjan febrúar og gengu mjög vel, börnunum þótti mjög gaman. Ætlum að þróa þetta áfram og vinna með Brekkulyngi næsta vetur.

Hreyfing: Það var hoppað, skoppað, dansað og leikið með bolta inni á deild en einnig farið í sal og klifrað, jafnvægi æft, boltar og fleira. Næsta vetur verður aukið samstarf við Brekkulyng.

Málproski, læsi, lesskilningur. Í heildina höfum við unnið vel með þennan þátt en það sem við ætlum að bæta er að vinna meira með Lubba.

Verk, tækni og listnám: Við tengjum skapandi starf inni starfið og nýtum það í t.d. í þemavinnu, það hefur gengið vel en við gætum verið með fjölbreyttari verkefni og haft börnin meira með í ráðum hvað þau vilja gera.

Lýðræði og jafnrétti: Við vinnum eftir mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar og kennum börnum að koma jafnt fram við alla, vera góð við hvert annað og hvetjum þau til sjálfstæðis (erum oft of fljót að grípa inni og þurfum að stoppa okkur af). Börnin þurfa að læra að leysa úr málunum sjálf með okkar hjálp.

Fjölmenning: Við fylgjum fjölmenningarstefnu Reykjavíkurborgar eftir bestu getu, allir fá sömu tækifæri til að tjá sig og koma sínum skoðunum á framfæri

Umbóta- þættir	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tíma- áætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Hvað þarf að bæta?	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmum við það?	Hvenær hefst og hvenær lokið?	Hver ber ábyrgð/ Hver framkvæmir?	Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýni hópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
Reggio Emilia	Vinna áfram með hugmyndafræði Reggio Emilia	Fá börnin með í leit að efniviði og ákveða hvað þau vilja gera og nýta áhugasvið þeirra.	sept.2018- maí2019	Deildastjóri/framkv æmdaraðilar allir deildarstarfsmenn	Skráningar skriflegar og myndrænar. Maí 2019 á sameiginlegu m fundi.	Að börnin sýni áhuga og frumkvæði í leik og sköpun og geti hjálpast að í verkefnum.
Vettvangsfe- rðir	Bæta Prisma verkefnum við og skráningum	Fara áfram vikulega í vettvangsferðir	allt árið	Deildastjóri/framkv æmdaraðilar allir deildarstarfsmenn	Safna gögnum. Farið yfir skráningar á sameiginlegu m fundi deilda í maí 2019.	Að börnin sýni umhverfi og náttúru áhuga og eftirtekt. Geti unnið saman að einföldum verkefnum.
Hreyfing	Hafa skipulagða hreyfitíma í sal.	Föst tímasetning tveir starfsmenn vinna saman með hóp.	Október 2018-maí 2019	Deildastjóri/framkv æmdaraðilar allir deildarstarfsmenn	Færni barna metin eftir skráningum vetrarins í maí 2019	Að börnin hafi öðlast færni í helstu grófhreyfingum miðað við aldur.
Tónlist	1x í viku skipulagða tíma í tónlist fyrir alla.	Hafa sama starfsmann í verkefninu allt árið.	okt.2018- maí 2019	Deildastjóri/allir starfsmenn	Umræður á sameiginlegu m deildafundum. Lokaendurmat í maí 2019	Að börnin kunni þulur og söngva sem kennt var yfir veturinn og skynji takt. Geti notað einföld hljóðfæri.

2.1.2. Stutt greinargerð deildarstjóra Brekkulyngs um starfið á síðasta ári

Veturinn 2017-2018 voru 14 börn fædd 2014 og 2015. Starfsmenn voru 3, í 285% stöðu. Starfsemi vetrarins gekk vel í heild sinni. Það sem við ætluðum að gera var framkvæmt í öllum megin atriðum. Ætlunin var m.a. að dýpka skilning okkar á hugmyndafræði Reggio Emilia en það tókst þó ekki að fullu leyti eins og við hefðum viljað þennan veturinn. Við munum því halda ótrauð áfram næsta vetur með það verkefni.

Annað í starfi vetrarins fólst m.a. í að lögð var áhersla á vettvangsferðir og útinám með elstu börnunum, sem gekk mjög vel. Einnig var lögð áhersla á lestur og aukinn orðaforða. Börnin fóru heim með Badda bangsa í bakpoka eftir áramót þar sem barnið var barn vikunnar. Foreldrar skrifuðu í bók sem fylgdi bangsanum hvað börnin voru að gera um helgina og gekk það verkefni mjög vel. Næsta vetur höldum við verkefninu áfram og skiptum út Badda bangsa fyrir Lubba (Lubbi finnur málbein).

Innra mat Brekkulyng

Litavikur gengu vel .

Vettvangsferðir elstu barna voru einu sinni í viku og gengu þær vel, úthald barnanna hefur aukist mikið. Útinám fer fram í vettvangsferðum og á útvistartíma, rætt er um umhverfið og náttúruna, hvernig við eigum að ganga um. Fylgjumst með dýralífi og gróðri og tækifæri gripin þegar upp koma spurningar hjá börnunum. Börnunum er kennt að bera virðingu fyrir náttúrunni og hvoru öðru.

Morgunverður/síðdegiskaffi í sal gengur vel, börnin eru orðin nokkuð sjálfstæð og vilja gera sjálf, en yngstu börnin þurfa þó meiri aðstoð en þau eldri.

Við vinnum í anda Reggio Emilia, notum náttúruleg og verðlaus efni. Höfum notað ljósaborðið í vetur og leikið með ljós og liti. Mættum nota listaskálann meira.

Sjálfshjálp í dagsins önn. Við leggjum áherslu á að þjálfarín- og grófhreyfingar barnanna í öllum aðstæðum dagsins og hjálpum þeim til að verða sjálfstæðir og getumiklir einstaklingar.

Tónlist: Tónlistarstundir voru einu sinni í viku þar sem einn starfsmaður sá um þær. Gekk það mjög vel og börnin tóku virkan þátt. Ætlum að þróa þetta áfram og vinna með Brekkulind næsta vetur.

Hreyfing: Fórum mikið í vettvangsferðir í hreyfistundum og nutu börnin þess að hreyfa sig úti í náttúrunni. Bolta grip voru æfð inn á deild. Hefðum mátt nýta salinn meira markvisst til grófhreyfinga. Það verður það eitt af markmiðum okkar næsta vetur, í samvinnu við Brekkulind.

Málproski, læsi og lesskilningur. Í heildina höfum við unnið vel með þennan þátt, lesið var fyrir börnin daglega, sett orð á athafnir og ritmál verið sýnilegt – hillur og kassar merktir. Það sem við ætlum að bæta er að vinna meira með Lubba í öllu starfi og stuðla að því að eiga jákvæð og uppbyggileg samskipti í barnahópnum.

Verk, tækni og listnám: Við tengjum sköpun inn í þemað hverju sinni. Það hefur gengið vel. Gætum verið með fjölbreyttari verkefni og haft börnin meira með í ráðum.

Lýðræði/ jafnrétti: Við vinnum eftir mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar og kennum börnum að koma jafnt fram við alla, vera góð við hvert annað og hvetjum þau til sjálfstæðis (erum oft of fljótur að grípa inni og þurfum að stoppa okkur af svo börnin læri að leysa úr málum sjálf).

Fjölmennning: Við fylgjum fjölmenningsstefnu Reykjavíkurborgar eftir bestu getu, allir fá sömu tækifæri til að tjá sig og koma sínum skoðunum á framfæri

Umbóta- þættir	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tíma- áætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Hvað þarf að bæta?	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmum við það?	Hvenær hefst og hvenær lokið?	Hver ber ábyrgð/ Hver framkvæmir?	Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýni hópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
Reggio Emilia	Vinna áfram með hugmyndafræði Reggio Emilia	Fá börnin með í leit að efniviði og ákveða hvað þau vilja gera og nýta áhugasvið þeirra.	sept.2018- maí2019	Deildastjóri/framkv æmdaraðilar allir deildarstarfsmenn	Skráningar skriflegar og myndrænar. Maí 2019 á sameiginlegu m fundi.	Að börnin sýni áhuga og frumkvæði í leik og sköpun og geti hjálpast að í verkefnum.
Vettvangsfe- rðir	Bæta Prisma verkefnum við og skráningum	Fara áfram vikulega í vettvangsferðir	allt árið	Deildastjóri/framkv æmdaraðilar allir deildarstarfsmenn	Safna gögnum. Farið yfir skráningar á sameiginlegu m fundi deilda í maí 2019.	Að börnin sýni umhverfi og náttúru áhuga og eftirtekt. Geti unnið saman að einföldum verkefnum.
Hreyfing	Hafa skipulagða hreyfitíma í sal.	Föst tímasetning tveir starfsmenn vinna saman með hóp.	Október 2018-maí 2019	Deildastjóri/framkv æmdaraðilar allir deildarstarfsmenn	Færni barna metin eftir skráningum vetrarins. Í maí 2019	Að börnin hafi öðlast færni í helstu grófhreyfingum miðað við aldur.
Tónlist	Hafa 1x í viku skipulagða tíma í tónlist fyrir alla.	Hafa sama starfsmann í verkefninu allt árið.	okt.2018- maí 2019	Deildastjóri/framkv æmdaraðilar starfsmenn	Umræður á sameiginlegu m deildafundum. Lokaendurmat maí 2019	Að börnin kunni þulur og söngva sem kennt var yfir veturinn, skynji takt. Geti notað einföld hljóðfæri.

2.1.3. Stutt greinargerð deildarstjóra Brekkulundar um starfið á síðasta ári

Skólaárið 2017-2018 voru fjórir starfsmenn á Brekkulundi, deildarstjóri í 80% starfi, tveir leikskólaliðar í 185% starfi og einn starfsmaður í 100% starfi við stuðning við barn með sérþarfir. 22 börn voru á deildinni fædd 2013 og 2014.

Veturinn gekk nokkuð vel. Við erum á réttri leið að vinna með Reggio hugmyndafræðina en ætlum að dýpka okkur og leggja áherslu á lýðræði með því að ýta undir að börnin komi að ákvörðunum um verkefni og viðfangsefni.

Barn vikunnar fór með Línu bangsa heim. Foreldrar skrifuðu í bók sem fylgdi bangsanum hvað börnin voru að gera um helgina og gekk það verkefni mjög vel. Næsta vetur höldum við verkefninu áfram og skiptum út Línu bangsa fyrir Lubba.

Innra mat Brekkulundur

Litavikur gengu vel, unnið var að myndlistarverkefnum og rætt um litina.

Við unnum í anda Reggio Emilia og notuðum náttúruleg og verðlaus efni. Höfum notað ljósaborðið í vetur og leikið með ljós, liti og form.

Farið var í vettvangsferðir einu sinni í viku og gekk það vel. Börnunum er kennt að bera virðingu fyrir náttúrunni og umhverfi sínu. Umferðarvikur eru þrisvar á ári en í öllum vettvangsferðum er farið yfir umferðareglur.

Hópastarf gekk vel. Farið var einu sinni í viku í hreyfingu, tónlist og myndlist. Starfsmenn deildarinnar skiptu með sér hlutverkum, sami starfsmaður sá um hvert svið fyrir sig.

Unnið var með einingakubba einu sinni í viku og einn starfsmaður sá um það. Börnin voru áhugasöm og gekk það vel.

Málproski, læsi og lesskilningur: Í heildina höfum við unnið vel með þennan þátt, lesið var fyrir börnin tvisvar á dag. Unnið var með stafina út frá áhuga barnanna. Það sem við ætlum að bæta er að vinna meira með Lubba í öllu starfi.

Börnin hafa fengið fleiri hlutverk í vetur. Tvö börn eru vinir í útiveru og hafa umsjón með að taka saman dótið og ganga frá því í dótaskúrinn. Tvö börn eru vinir í fataklefa og sjá um að börnin gangi frá fötunum sínum. Og áfram er einn veðurfræðingur og tveir borðþjónar sem hjálpa til að leggja á borð og fá síðan að bjóða börnum með sér að borða. Með þessu fyrirkomulagi þá er hvert barn með hlutverk að minnsta kosti einu sinni í viku.

Umbóta- þættir	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tíma- áætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Hvað þarf að bæta?	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmum við það?	Hvenær hefst og hvenær lokið?	Hver ber ábyrgð/ Hver framkvæmir?	Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýni hópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
Reggio	Vinna áfram með hugmyndafræði Reggio Emilia	Börnin fá að vera með í skipulagningu í Að velja efnivið t.d. í myndlist.	Sept 2018 maí 2019	Deildastjóri/framkv æmdaraðilar allir deildarstarfsmenn	Nota skjávarpa, ljósaborð og jarðleir	Að börnin sýni áhuga og frumkvæði í leik og sköpun og geti hjálpast að í verkefnum.
Vettvansfe rðir/ útinám	Bæta Prisma verkefnum við og skráningum	Fara áfram vikulega í vettvangsferðir	 allt árið	 Deildastjóri/framkv æmdaraðilar allir deildarstarfsmenn	Vera með skráningar, myndir og safna upplýsingum á deildarfundu m	Að börnin læri að bera virðingu fyrir umhverfinu og náttúrunni.
Tjáning	Að börnin læri að koma fram fyrir hóp og segi frá upplifun sinni	Einu sinni í viku	Allt árið	Deildastjóri/framkv æmdaraðilar allir deildarstarfsmenn	Vera með skráningar og símat á deildarfundu m	Að börnin læri að tjá sig fyrir framan hóp og læri að hlusta á aðra.

2.1.4. Stutt greinargerð deildarstjóra Brekkulautar um starfið á síðasta ári

Veturinn 2017-2018 voru 25 börn á Brekkulaut, öll fædd 2012. Starfsmenn deildarinnar voru 3 í 280 % stöðuhlutfalli. Leikskólakennari með deildarstjórn, leikskólakennari og starfsmaður. Miklar breytingar urðu á deildinni síðastliðið haust. Það komu 18 ný börn á deildina. Það tók okkur haustið og langt fram á vetur að tengjast og kynnast hópnum sem mikil breidd var í. Margt var reynt til að geta unnið sem best með hópinn, skipt upp í minni hópa úti sem inni. Fengum síðan hegðunarráðgjafa frá Miðgarði sem var okkur innan handa. Það voru einnig starfsmannabreytingar sem ollu líka óstöðugleika í hópnum. Miklar framfarir hafa náðst hjá okkur seinnipart vetrar og er hópurinn orðinn allt annar.

Innra mat Brekkulaut

- Skólastundir voru 2 sinnum í viku, hópnum var skipt í tvennt, þær gengu vel og féllu ekki niður. Unnið var með fínhyfingar, bókstafi, tölustafi, félagsfærni og fleira.
- Farið var í vettvangsferðir meðal annars að heimilum barnanna þar sem börnin sýndu hvar þau áttu heima og nærumhverfið skoðað.
- Tumi bangsi fór með barni vikunnar heim í viku í senn og gekk það vel. Við ætlum að hætta með Tuma og taka Lubba í staðinn og vinna markvisst með hann.
- Litadagar og aðrir viðburðir gengu vel og var vel unnið þá daga. Oft voru notaðar opnar spurningar og könnunarvefur notaður til að finna áhugasvið barnanna. Umhverfisdagar gengu vel með þátttöku barnanna. Ekki var unnið með markvissa útinámskennslu.
- Reynt var að skipta börnunum upp í 3 hópa í sögustundum eða fræðslu tvisvar á dag sem gekk misjafnlega, en það gekk betur að skipta hópnum þegar leið á veturinn. Unnið var meðal annars með rím, vísur og lagt áherslu á merkingu orða, orðaforði aukinn.
- Reggio. Unnið var út frá áhugahvöt barnanna og þau spurð opinna spurninga. Opinn efniviður er sýnilegur inn á deild og í listaskála og hafa börnin fengið að fara þangað með starfsmanni og valið sér efni til að vinna með.
- Unnið hefur verið með lýðræði, börnin fá að taka þátt í vali á leikefni og bókum fyrir deildina. Þau taka einnig þátt í gerð matseðils. Börnunum er kennt að bera virðingu fyrir sér og öðrum.
- Samstarf var við dagdeild Eirar. Börnunum var skipt upp í tvo hópa í vetur og fór hver hópur einu sinni í mánuði út á dagdeild Eirar. Það var spilað, sungið, unnin sameiginleg verkefni og

farið í leiki. Endað var á sameiginlegri sumarhátíð. Einnig fengum við eldri borgara í heimsókn til okkar í leikskólann.

- Börnin sýndu helgileik á jólagleði hjúkrunarheimilisins Eirar í desember.

Umbóta- þættir	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tíma- áætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Hvað þarf að bæta?	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmum við það?	Hvenær hefst og hvenær lokið?	Hver ber ábyrgð/ Hver framkvæmir?	Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýni hópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
Reggio	Vinna markvissara með opinn efnivið i öllu okkar starfi.	Vekja áhuga barnanna og vera með opnar spurningar.	Haut 2018 og lýkur júní 2019	Deildarstjóri og starfsmenn deildarinnar	Ljósmyndir og skráning. Yfirfara á deildarfundu m.	Börnin sýni áhuga og við sjáum framfarir hjá þeim og geti unnið sjálfstætt.
Hrefistundi r	Að hafa markvissar hreyfistundir einu sinni í viku.	Setja hreyfistundir inn í dagskipulag.	Sept 2018 – maí 2019.	Starfsmenn deildarinnar.	Deildarfund á vorönn.	Börnin séu vel stödd í hreyfigetu að vori.
Umgengni bóka.	Að börnin læri að umgangast bækur og beri virðingu fyrir þeim	Hvernig við kynnum bókina og kryfjum hana .	Sept 2018 – júní 2019	Starfsmenn deildarinnar.	Á deildarfundum í desember 2018 og júní 2019	Að börnin hafi lært að ganga vel um bækur og beri virðingu fyrir þeim .

3 Ytra mat

Ekki var gert ytra mat á leikskólanum skólaárið 2017-2018

4 Stutt greinargerð sérkennslustjóra um starfið á síðasta ári

- 3 börn eru með skilgreindan stuðning og 3 starfsmenn sinna þeim stuðningi. Við vinnum með 5 börn í samvinnu við hegðunarráðgjafa Miðgarðs og til viðbótar eru 10 börn í málörvun og er unnið með þau í samvinnu við talmeinafræðinga.
- Áætlun um málörvun og snemmtæka íhlutun í leikskólanum. Við byrjum strax að vinna með barn innan deildarinnar ef grunur vaknar um að það þurfi að efla einhverja þroskaþætti. Öll börn sem við teljum að þurfi frekari málörvun eða íhlutun eru sett í minni hóp þar sem starfsmaður deildarinnar eða sérkennslustjóri sér um að örva þá þroskaþætti sem þarf.
- Sérkennslustjóri og starfsmaður sem sér um stuðning sjá um gerð einstaklingsnámsskráa í samvinnu við foreldra, talmeinafræðinga, hegðunarráðgjafa, sérkennslustjóra og tengilið frá Greiningar- og Ráðgjafastöð Ríkisins. Sérkennslustjóri og annað starfsfólk viðkomandi deildar vinna út frá þeim í vinnu með barnið.
- Reglulegir teymisfundir eru með foreldrum og tengiliðum barna með skilgreindan stuðning, er það allt frá 6 vikna fresti til 3 mánaða. Fer þar fram samráð, fræðsla og ráðgjöf til foreldra. Foreldraviðtöl við önnur börn eru tvisvar á ári eða oftar eftir þörfum.
- Samráð við þjónustumiðstöðina Miðgarð er á 8 vikna fresti, þar sem sérkennsluráðgjafi, sálfræðingur, hegðunarráðgjafi og stundum talmeinafræðingur koma í leikskólann á fundi og farið er yfir þau börn sem njóta ráðgjafar frá Miðgarði eða ræddar eru aðrar áhyggjur sem koma fram er viðkemur börnunum. Við erum einnig í reglulegu samstarfi við Greiningar- og Ráðgjafastöð Ríkisins og kemur ráðgjafi frá þeim til okkar á 6 vikna fresti. Samstarf er við flesta talmeinafræðinga sem vinna með börnunum og er reynt að fá gögn frá foreldrum eða talmeinafræðingum svo að sé hægt að vinna sameiginlega í þjálfun, heima og í leikskóla. Einnig höfum við verið í samstarfi við sjúkraþjálfara hjá Styrktarfélagi lamaðra og fatlaðra. Talmeinafræðingur frá Miðgarði kemur í lotur til okkar tvisvar á ári, í 7-8 vikur í senn, þar sem hann kemur til okkar 1 x í viku. Hann gerir málþroskamat og er með ráðgjöf til okkar og foreldra og ef tími vinnst til tekur hann börn í þjálfun sem fá á milli 80-85 í málþroskatölu.
- Sérkennslustjóri vinnur þétt með öðru starfsfólki leikskólans. Hann situr alla deildarstjórafundum og flesta deildarfundum hjá eldri deildum og hjá yngri deildum eftir þörfum.

Þar kemur hann með fræðslu og ráðgjöf til starfsfólks, einnig á starfsmannafundum.

Starfsfólk hefur einnig greiðan aðgang að sérkennslustjóranum til að fá ráðgjöf og stuðning.

Umbótaþættir	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Hvað þarf að bæta?	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmu m við það?	Hvenær hefst og hvenær lokið?	Hver ber ábyrgð?	Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýni hópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
skipulagning málörvunar	að hverjum og einum sem þarfnist íhlutunar sé sinnt 1-2x í viku	með nýrri stundaskrá	september 2018-maí 2019	sérkennslustjóri	safna gögnum um aðkomu sérkennslustjóra eða annarra	Að viðkomandi barn hafi fengið aukna örvun 1-2x í viku frá september 2018 til maí 2019
gerð einstaklingsnámsskráa	að hvert og eitt barn eða hópur hafi sína námsskrá	gerð einstaklingsnámsskráa í undirbúning	september 2018 og svo endurskoðun í janúar 2019	sérkennslustjóri	sjá einstaklingsnámsskrá viðkomandi barna	að öll börn/hópar hafi sína námsskrá

5 Skipulagt starf vegna barna með annað móðurmál en íslensku.

- Sérkennslustjóri fer á fræðslufundi sem viðkoma fjölmenningu á vegum Skóla- og frístundasviðs. Hann kemur upplýsingum áleiðis til annars starfsfólks á deildarfundum.
- Hver deild hefur bakpoka með bangsa og bók sem að fer heim með barninu 1-2x yfir árið. Bók sem foreldrar og börn eru beðin um að skrifa í hvað þau voru að gera saman og jafnvel deila með okkur uppáhalds uppskriftinni, bókinni, tónlistinni eða hvað það sem fólki dettur í hug. Markmið okkar með þessu verkefni er að draga fram að við erum öll ólík en eigum samt svo margt sameiginlegt. Í salnum okkur hanga uppi þjóðfánar allra landa sem börn og starfsfólk eru frá og „góðan daginn“ við alla fána á viðkomandi tungumáli. Þetta er gert í samvinnu við foreldra og starfsfólk. Á leikskólanum er töluð íslenska en ef við höfum þekkingu á því tungumáli sem að barnið notar þá notum við það til að eiga samskipti við barnið. Við styðjumst einnig við Tákn með tali og notum það til að auðvelda börnunum að yfirfæra ný orð á íslensku.
- Öll börn taka þátt í öllu starfi innan leikskólans. Starfsfólk aðstoðar börnin til að hafa virka þátttöku í barnahópnum með ýmsum leiðum ef þarf t.d. myndrænt eða með sýnikennslu.
- Markviss vinna með daglegan orðaforða fer að mestu leyti fram í barnahópnum. Í frjálsum leik, hópastarfi, verkefnavinnu og í samverustundum
- Orðaforði er dýpkaður með ýmsum aðferðum. T.d. í litlum hóp með sérkennslustjóra eða öðru starfsfólki, þar sem unnið er með orðaforðann í gegnum spil eða leik. Í samverustundum og sögustundum með litlum hóp.
- Skráning er eftir hverja hópavinnu hjá barninu og farið yfir það reglulega hvað þarf að vinna áfram með. Notum einnig Staða, framfarir, framhald til hliðsjónar. Í sumum tilvikum er Orðaskil notað. TRAS er notað þar sem fylgst er með framförum í málþroska. Á síðasta ári leggjum við Hljóm-2 fyrir, sem er athugun á hljóð- og málvitund barna.
- Reynt er að huga að öllum þáttum máls. Við nýtum allar stundir hvort sem það eru samverustundir, sögustundir, verkefnavinna eða útivera til að vinna að öllum þáttum máls.
- Orðaforði og málskilningur er unnið með í öllum stundum dagsins og dýpkaður í samveru og sögustundum.

Í samverustundum er til að mynda unnið mikið með tjáningu og frásögn.

Hlustun og hljóðkerfisvitund er styrkt í samverustundum og sögustundum.

Unnið er með ritmál í frjálsum leik og í verkefnavinnu.

Í frjálssa leiknum er unnið mikið með félagslega tungumálið og það eft.

- Í fyrsta viðtali er kallað eftir túlki ef þörf krefur og foreldri samþykkir. Myndabók um leikskólann og deildina er send heim í aðlöguninni með íslenskum orðum sem foreldri getur sett orð við á sínu tungumáli, þá vita bæði foreldrar og leikskólinn hvað viðkomandi svæði/hlutur/athöfn er á báðum tungumálum.
- Upplýsingagjöf fer fram á íslensku eða ensku í leikskólanum en við notumst við þau upplýsingablöð á hinum ýmsu tungumálum sem að koma frá Skóla- og frístundasviði. Einnig notumst við við Google translate ef þarf.
- Í sögustundum reynum við að hafa lítinn hóp og frekar myndrænni sögustund fyrir börn með annað móðurmál en íslensku. Við erum með lítinn málörvunarhóp á viðkomandi deild þar sem starfsmaður deildarinnar eða sérkennslustjóri sér um frekari málörvun á íslensku og styðst við tungumál barnsins ef kunnátta er til staðar.

6 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla

- Starfsþróunarsamtöl
 - Leikskólastjóri tók flesta starfsmenn í stutt viðtal á haustönn 2017. Ekki voru starfsþróunarviðtöl á vormánuðum eins og áætlað var.
 - Veturinn 2018-2019 verða starfsþróunarviðtöl leikskólastjóra við starfsmenn í febrúar og mars 2019. Á haustönn verða tekin viðtöl eftir þörfum. Deildarstjórar taka tvö viðtöl við sitt starfsfólk, eitt á haustönn og eitt á vorönn.
- Símenntun frá síðasta ári (námskeið, hvaða hópar sóttu námskeið og fl.)
 - Einn deildarstjóri fór á Lubba ráðstefnu í september 2017
 - Þrír deildarstjórar fóru á námskeið í september/október 2017 hjá Endurmenntun HÍ í notkun á TRAS málþroskamatslistum
 - Starfsmaður fór á viku trúnaðarmannanámskeið Eflingar í september 2017 og annað viku námskeið í febrúar 2018
 - Leikskólastjóri tók þátt í námskeiðsdegi leikskólastjóra í október 2017
 - Allir starfsmenn fengu kynningu á heilsueflandi leikskóla á skipulagsdegi í október 2017.
 - Sérkennslustjóri tók þátt í fræðslufundum í Miðgarði í október 2017, janúar 2018 og mars 2018
 - Leikskólastjóri tók þátt í vinnustofu um heilsueflandi stjórnun í nóvember 2017
 - Starfsmaður Eflingar – öryggistrúnaðarmaður fór á 2ja daga námskeið hjá Vinnueftirlitinu í janúar 2018
 - Sérkennslustjóri fór á fyrirlestur um mál og læsi á vegum SFS í febrúar 2018
 - Deildarstjórar og leikskólastjóri fóru á leikskólaráðstefnu SFS í febrúar 2018
 - Eflingarstarfsmaður fór á fagnámskeið 1, 13.2.-11.4.2018
 - Sérkennslustjóri fór á fræðslufund um mál og læsi tvítyngdra barna í mars 2018
 - Allir starfsmenn fengu kynningu á Lubba – málörvun, á skipulagsdegi 12.mars 2018
 - Sérkennslustjóri, deildarstjóri og leikskólakennari fóru á námskeið hjá Endurmenntun um notkun TRAS málþroskamatslistans í mars og apríl 2018
 - Sérkennslustjóri fór á ráðstefnu um snemmtæka íhlutun í málefnum barna á Íslandi á vegum Velferðaráðuneytisins, 8. maí 2018.
 - Sérkennslustjóri fór á fræðslufund um móttöku og aðlögun í leikskóla fyrir tvítyngd börn, 15. maí 2018.

- Áætlun um símenntun 2018-2019
 - Fá námskeið um notkun á málörvunarefninu Lubbi finnur málbein á skipulagsdegi 30.11.2018 fyrir alla starfsmenn.
 - Fá kynningu á vináttuverkefni UNICEF um bangsann Blæ fyrir alla starfsmenn.
 - Fá námskeið um skyndihjálp fyrir alla starfsmenn á skipulagsdegi.
 - Stjórnendateymið – leikskólastjóri, deildarstjórar og sérkennslustjóri fari á námskeið um matsaðferðir.
- Önnur fræðsla (t.d. námsferðir, ráðstefnur, málþing).
 - Starfsmannahópurinn á Brekkuborg er opin fyrir fræðslu og námskeiðum og mun leitast eftir að sækja sér fjölbreytta þekkingu eftir því sem hún býðst.

7 Foreldrasamvinna

- Foreldraráð.
 - Veturinn 2017-2018 voru þrír fulltrúar í foreldraráði Brekkuborgar. Kosning fór fram á foreldrafundi að hausti. Einn fundur var haldinn 26.mars 2018. Fyrir skólaárið 2018-2019 verður kosning fulltrúa á haustforeldrafundum 18.-20.september 2018.
- Foreldrafundir.
 - Deildarskiptir foreldrafundir eru haldnir að hausti, í þriðju viku september. Yngstu deildirnar tvær eru með sameiginlegan fund. Fundirnir standa frá 8:30 til 9:30. Deildarstjórar kynna vetrarstarfið og kosið er í stjórn foreldrafélagsins og foreldraráð.
- Foreldraviðtöl.
 - Tvisvar á ári eru foreldraviðtöl á hverri deild. Á haustönn er hengdur upp listi og þeir sem vilja geta skráð sig í viðtal. Á vorönn úthlutum við fundartímum. Dagsetningar foreldraviðtala eru á skóladagatali ársins.
- Foreldrafélag.
 - Foreldrafélagið Eik er starfrækt við skólann. Á foreldrafundum að hausti eru fulltrúar kosnir í stjórn. Ekki er fjöldatakmörk í stjórn félagsins en reynt er að hafa tvo fulltrúa af hverri deild. Stjórn félagsins kys sér formann og gjaldkera á fyrsta fundi. Deildarstjóri elstu deildar er tengiliður leikskólans við félagið. Leikskólastjóri situr fundi þegar þurfa þykir. Markmið foreldrafélagsins er að auðga leikskólastarfið með ýmsum uppákomum s.s leiksýningu fyrir börnin, rútukostnað, borga fyrir mat í hádegi fyrir útskriftarhópinn í útskriftarferð, sveitaferð, fá jólasveina á jólaballið okkar, ásamt því að styrkja sveinana í pakkagjöfum fyrir börnin. Gíróseðlar eru sendir út þrisvar á ári.

8 Samstarf leik- og grunnskóla

Tengsl leikskóla og grunnskóla er samstarfsverkefni barna, foreldra og kennara, þar sem velferð, þroski og menntun barnanna er í brennidepli. Skólaganga barna á að mynda samfellda heild þannig að sú þekking og viðfangsefni sem börn eru að fást við í leikskólanum verði sá grunnur sem grunnskólanámið byggir á. Formlegt samstarf er við Húsaskóla sem á sér langa sögu og er í föstum skorðum. Leikskólastjóri og deildarstjóri elstu deildar Brekkuborgar og skólastjóri, aðstoðarskólastjóri og kennarar 1.bekkjar Húsaskóla hittast á fundum að hausti og vori. Á haustfundinum eru línur lagðar fyrir starf komandi vetrar og dagsetningar ákveðnar. Á vorfundinum er endurmat. Foreldrar eru mikilvægir tengiliðir milli skólastiga. Þeir miðla upplýsingum um börn sín og leikskólagöngu þeirra og eiga rétt á að fá vitneskju um þau gögn sem fylgja þeim úr leikskóla. Þegar börn flytja milli leikskóla eða fara í grunnskóla skal leikskólastjóri sjá til þess að nauðsynlegar upplýsingar fylgi þeim.

Sameiginleg ákvörðun var tekin af Húsaskóla og Brekkuborg að leggja áherslu á eftirfarandi atriði:

- ❖ Brekkuborg vinni með hástafi og lágstafi.
 - ❖ Lögð verði áhersla á að börnin þekki nafnið sitt ritað.
 - ❖ Lögð verði áhersla á rétt handgrip og að börnin hafi vald á skærum.
 - ❖ Lögð verði áhersla á við foreldra barna í Brekkuborg að lesið sé fyrir börnin heima.
 - ❖ Unnið verði markvisst að málörvun í leikskólanum og starfsmenn noti auðugt málfar.
 - ❖ Tekin er skimun á elsta árgangi leikskólans Hljóm-2, og niðurstöður hennar eru afhentar grunnskólanum að vori.
- Áætlun vetrarins (2017-2018)
 - 5.október 2017. Nemendur 1.N fara í heimsókn á Brekkuborg kl.12:20
 - 12.október 2017. 5 ára börn frá Brekkuborg koma í frímínútur kl. 9:40
 - 30.október og 2.nóvember 2017. 5 ára börn frá Brekkuborg koma í heimsókn (2 hópar) og fara í ratleik um Húsaskóla
 - 16.nóvember 2017. Nemendur 7.bekkjar fara á Brekkuborg og lesa fyrir börnin kl.10:00
 - 12.desember 2017. Jólaheimsókn 5 ára barna Brekkuborgar í Húsaskóla. Brekkuborg sýnir helgileik og 1.N verður með stutt atriði í sal. Veitingar í boði Húsaskóla.
 - 10. og 12.janúar 2018. Brekkuborg fer í tveim hópum í íþróttir með 1.N
 - 22.febrúar 2018 kemur 1.N í heimsókn á Brekkuborg og sýna leikskólabörnunum skólatöskuna sína og innihald hennar.

- 27.febrúar 2018 heimsækir útskriftarárgangur Brekkuborgar skólastjóra og Kastala (frístund) í tveim hópum.
- 5.-9.mars 2018 fara 5 börn á dag í skólaheimsókn frá 10:40-13:00. Þau sitja kennslustund með 1.N, borða hádegisverð í matsal, fara í frímínútur og sitja svo aðra kennslustund.
- 14. og 15.maí 2018 heimsækir Brekkuborg Kastala (frístund) 12-13 börn hvorn dag.
- 17.maí 2018 er námskeið fyrir foreldra 2012 árgangs í Húsaskóla og skólaheimsókn nemenda. Tímasetning er 14:00-16:00
- 12.júní 2018 er skilafundur í Húsaskóla þar sem upplýsingum um börnin og niðurstöðum úr Hljóm-2 skimuninni er skilað.
- 3.september 2018 er skipulagsfundur fyrir skólaárið 2018-2019 haldinn á Brekkuborg kl 14:00.

9 Skipulagsdagar.

Að ósk foreldra eru allir skipulagsdagar heilir dagar og eins og hægt er tengdir almennum frídögum.

Veturinn 2018-2019 verða skipulagsdagar eftirtalda daga.

- Föstudaginn 24.ágúst 2018
- Miðvikudaginn 17.október 2018 – Leikskólar, grunnskólar og frístund í Grafarvogi lokað
- Föstudagurinn 30.nóvember 2018 – skertur skóladagur í Húsaskóla
- 25.janúar 2019 – skertur skóladagur í Húsaskóla
- 18.mars 2019 – Leik og grunnskólar Grafarvogs lokaðir
- 24.maí 2019 - Leik og grunnskólar Grafarvogs lokaðir

10 Fylgigögn

10.1 Umbótaáætlun

10.2 Umsögn foreldraráðs

10.3. Leikskóladagatal

F. h. leikskólans Brekkuborgar

Svala Ingvarsdóttir

26.6.2018

Leikskólastjóri

Dagsetning

Fylgirit með starfsáætlun

Umbótaáætlun 2018-2019						
Tækifæri til umbóta	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímasetning aðgerða	Ábyrgðaraðili	Endurmat, hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Hvað þarf að bæta?	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmum við það?	Hvenær hefst og hvenær lokið?	Hver ber ábyrgð og hver framkvæmir	Hvaða aðferðir (fjölbreyttar) eru notaðar við gagnaöflun?	Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiðum.
Starfsmannahandbók Brekkuborgar uppfærð	Handbók fyrir starfsmenn með þeim upplýsingum sem hafa þarf aðgang að	Upplýsingaöflun af netinu, frá öðrum skólum, okkar eigin hugmyndir	September 2018 - maí 2019	Ábyrgðaraðilar: Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri. Framkvæmd: Allir starfsmenn skólans koma að vinnunni	Umræður á skipulagsdögum og deildarfundum	Aðgengileg upplýsingaveita fyrir starfsmenn
Málörvunarefnið Lubbi finnur málbein og bangsaverkefnið	Dýpka skilning starfsmanna á Lubba	Námskeið á skipulagsdegi fyrir alla starfsmenn	Á skipulagsdegi – nánar ákveðið síðar	Leikskólastjóri / sérkennslustjóri sjá um að bóka námskeiðið – allir tileinka sér efni þess	Umræða um verkefnið og þá þróun sem verður eftir meiri þekkingu	Allir starfsmenn geti unnið með verkefnið af öryggi
Reggio umhverfi	Leikfangakostur og umhverfi barnanna skoðað með gagnrýnu hugarfari	Vettvangsferðir – heimsóknir í aðra skóla. Heimildaöflun af netinu.	September 2018 - ágúst 2019	Leikskólastjóri og deildarstjórar bera ábyrgð á verkinu en allir starfsmenn sjá um framkvæmd	Myndræn skráning gerð og skoðuð í byrjun og enda starfsárs. Símat – umræðumat allt starfsárið.	Umhverfi sem styður við og eflir sjálfsprottinn leik barna.

ÁGÚST 2018		SEPTEMBER 2018		OKTÓBER 2018	
1 M	Sumarlokun	1 L		1 M	Umferðavika
2 F	Sumarlokun	2 S		2 Þ	Foreldraviðtöl Lind
3 F	Sumarlokun	3 M	Hautþema byrjar	3 M	Foreldraviðtöl Lind
4 L		4 Þ		4 F	
5 S		5 M		5 F	
6 M	Frídagur verslunarmanna	6 F	Uppskeruhátíð	6 L	
7 Þ	Sumarlokun	7 F		7 S	
8 M	Sumarlokun	8 L	Dagur læsis	8 M	Líkamsþema byrjar - Bleik litavika - Foreldraviðtöl Lyng
9 F	Sumarlokun	9 S		9 Þ	Foreldraviðtöl Lyng
10 F	Sumarlokun	10 M	Appelsínugul litavika	10 M	Foreldraviðtöl Lundur
11 L		11 Þ		11 F	Foreldraviðtöl Lundur
12 S		12 M		12 F	Bleikur litadagur - Foreldraviðtöl Lundur
13 M	Sumarlokun	13 F		13 L	
14 Þ		14 F	Appelsínugulur litadagur	14 S	
15 M		15 L		15 M	
16 F		16 S	Dagur íslenskrar náttúru	16 Þ	
17 F		17 M	Umhverfisdagur	17 M	Sameiginlegur starfsdagur í Grafarvogi
18 L		18 Þ	Foreldrafundur Lind og Lyng	18 F	Vetrarleyfi grunnskóla
19 S		19 M	Foreldrafundur Laut	19 F	Vetrarleyfi grunnskóla - Krukkustund
20 M		20 F	Foreldrafundur Lundur Haustmánuður hefst	20 L	
21 Þ		21 F		21 S	
22 M	Skólasetning grunnskóla	22 L		22 M	Vetrarleyfi grunnskóla
23 F		23 S	Jafndægur	23 Þ	Foreldraviðtöl Laut
24 F	starfsdagur	24 M		24 M	Foreldraviðtöl Laut
25 L		25 Þ		25 F	Foreldraviðtöl Laut
26 S		26 M	Evrópski tungumáladagurinn	26 F	Alþjóðlegi bangsadagurinn haldinn á Brekkuborg
27 M	Aðlögun nýrra barna	27 F		27 L	Gormánuður hefst - Fyrsti vetrardagur - Alþjóðl.bangsad.
28 Þ	Tvímánuður hefst	28 F	Hatta og höfuðfatadagur	28 S	
29 M		29 L		29 M	
30 F		30 S		30 Þ	
31 F				31 M	Hrekkjavaka

NÓVEMBER 2018		DESEMBER 2018		JANÚAR 2019	
1 F		1 L	Fullveldisdagurinn	1 Þ	Nýársdagur
2 F		2 S		2 M	Þemað um álfa, tröll, þjóðsögur og ævintýri og gamla tímann hefst
3 L		3 M	Rauð litavika	3 F	Umhverfisdagur - flugeldaprik
4 S		4 Þ		4 F	
5 M		5 M		5 L	
6 Þ		6 F		6 S	Þrettándinn
7 M		7 F	Rauður litadagur	7 M	Þrettándastund - Hvít litavika
8 F	Íþrótta dagur (inni)	8 L		8 Þ	
9 F		9 S		9 M	
10 L		10 M		10 F	
11 S		11 Þ		11 F	Hvítur litadagur
12 M		12 M		12 L	
13 Þ		13 F		13 S	
14 M		14 F	Jólaball	14 M	Umferðavika
15 F		15 L		15 Þ	
16 F	Dagur íslenskrar tungu - krukkusund	16 S		16 M	
17 L		17 M		17 F	
18 S		18 Þ		18 F	Krukkustund
19 M	Jólaþema byrjar	19 M		19 L	
20 Þ	Vasaljósadagur	20 F		20 S	
21 M		21 F	Krukkustund - Vetrarsólstöður	21 M	
22 F		22 L		22 Þ	
23 F		23 S	Þorláksmessa	23 M	Rafmagnslaus vasaljósadagur
24 L		24 M	Aðfangadagur jóla	24 F	
25 S		25 Þ	Jóladagur	25 F	Sameiginlegur starfsdagur við Húsaskóla - Þorri hefst, Bóndadagur
26 M	Ýlir hefst	26 M	Annar í jólum - Mörsugur hefst	26 L	
27 Þ		27 F		27 S	
28 M		28 F		28 M	Tannverndarvika (með fyrirvara um tímasetningu landlæknis)
29 F	Jólasamvera með foreldrum 14:30-16:30	29 L		29 Þ	
30 F	Sameiginlegur starfsdagur við Húsaskóla	30 S		30 M	
		31 M	Gamlársdagur	31 F	

FEBRÚAR 2019			MARS 2019			APRÍL 2019		
1	F	Karlakaffi og þorrablót	1	F	Grár/Svartur litadagur	1	M	27 ára afmæli Brekkuborgar - Einhverfudagurinn - Blá litavika
2	L		2	L		2	Þ	
3	S		3	S		3	M	Foreldraviðtöl Lind
4	M		4	M	Bolludagur	4	F	Foreldraviðtöl Lind
5	Þ		5	Þ	Sprengidagur	5	F	Blár litadagur
6	M	Dagur leikskólans krukustund	6	M	Öskudagur	6	L	
7	F		7	F		7	S	
8	F		8	F		8	M	Foreldraviðtöl Lyng
9	L		9	L		9	Þ	Foreldraviðtöl Lyng Barnamenningarhátíð
10	S		10	S		10	M	Foreldraviðtöl Lundur Barnamenningarhátíð
11	M		11	M		11	F	Foreldraviðtöl Lundur Barnamenningarhátíð
12	Þ		12	Þ		12	F	Rugludagur - Foreldraviðtöl Lundur Barnamenningarhátíð
13	M		13	M		13	L	Barnamenningarhátíð
14	F		14	F		14	S	Barnamenningarhátíð Pálmasonnudagur
15	F		15	F	Jákvæðnis, bjartsýnis og brosdagur	15	M	Vorþema hefst
16	L		16	L		16	Þ	
17	S		17	S		17	M	
18	M	Fjölskylduþema hefst	18	M	Sameiginlegur starfsdagur í Grafarvogi	18	F	Skírdagur
19	Þ		19	Þ		19	F	Föstudagurinn langi
20	M		20	M	Jafndægur	20	L	
21	F		21	F	Downs dagurinn	21	S	Páskadagur
22	F		22	F		22	M	Annar í páskum
23	L		23	L		23	Þ	
24	S	Góa hefst - Konudagur	24	S		24	M	
25	M	Vetrarleyfi grunnskóla - Grá/Svört litavika	25	M		25	F	Harpa hefst - Sumardagurinn fyrsti
26	Þ	Vetrarleyfi grunnskóla	26	Þ	Einmánuður hefst	26	F	
27	M		27	M	Umhverfisdagur - sáning	27	L	
28	F	Konudagskaffi	28	F		28	S	
			29	F		29	M	
			30	L		30	Þ	
			31	S				

MAÍ 2019		JÚNÍ 2019		JÚLÍ 2019	
1 M	Verkalýðsdagurinn	1 L		1 M	Fjólublá litavika
2 F	Umhverfisdagur	2 S	Sjómannadagurinn	2 Þ	
3 F	Opið hús	3 M	Íþróttahátíð þessa viku Græn litavika	3 M	
4 L		4 Þ		4 F	
5 S		5 M		5 F	Fjólublár litadagur
6 M	Gul litavika	6 F		6 L	
7 Þ		7 F	Skólaslit grunnskóla - Grænn litadagur	7 S	
8 M		8 L		8 M	
9 F		9 S	Hvítasunnudagur	9 Þ	
10 F	Gulur litadagur	10 M	Annar í hvítasunnu	10 M	
11 L		11 Þ		11 F	
12 S		12 M	Umhverfisdagur	12 F	
13 M	Foreldraviðtöl Laut	13 F		13 L	
14 Þ	Foreldraviðtöl Laut	14 F	Þjóðhátíð Brekkuborgar	14 S	
15 M	Foreldraviðtöl Laut	15 L		15 M	Sumarlokun
16 F		16 S		16 Þ	Sumarlokun
17 F		17 M	Lýðveldisdagurinn	17 M	Sumarlokun
18 L		18 Þ		18 F	Sumarlokun
19 S		19 M	Kaffidagur (í Leynilundi?)	19 F	Sumarlokun
20 M	Umferðavika	20 F		20 L	
21 Þ		21 F	Sumarsólstöður	21 S	
22 M		22 L		22 M	Sumarlokun
23 F		23 S		23 Þ	Sumarlokun
24 F	Sameiginlegur starfsdagur í Grafarvogi	24 M	Sólmánuður hefst - Jónsmessa	24 M	Sumarlokun
25 L	Skerpla hefst	25 Þ		25 F	Sumarlokun
26 S		26 M		26 F	Sumarlokun
27 M	Lýðveldis og sumarþema hefst	27 F	Flóruferð	27 L	
28 Þ		28 F		28 S	
29 M	Útskrift 2013 árgangs	29 L		29 M	Sumarlokun Heyannir hefjast
30 F	Uppstigningardagur	30 S		30 Þ	Sumarlokun
31 F				31 M	Sumarlokun

Ágúst 2019	
1 F	Sumarlokun
2 F	Sumarlokun
3 L	
4 S	
5 M	Frídagur verslunarmanna
6 Þ	Sumarlokun
7 M	Sumarlokun
8 F	Sumarlokun
9 F	Sumarlokun
10 L	
11 S	
12 M	Sumarlokun
13 Þ	
14 M	
15 F	
16 F	
17 L	
18 S	
19 M	
20 Þ	
21 M	
22 F	
23 F	
24 L	
25 S	
26 M	
27 Þ	Tvímánuður hefst
28 M	
29 F	
30 F	
31 L	

Starfsáætlun 2018 – 2019

Brekkuborg

Umsögn foreldraráðs

Foreldraráð leikskólans skipa:

Helga Ásdís Jónasdóttir

Helga Rún Hafliðadóttir

Um starfsáætlanir leikskóla

Samkvæmt lögum um leikskóla nr. 90/2008 vinna leikskólar eftir aðalnámskrá fyrir leikskóla. Samkvæmt henni vinnur hver og einn leikskóli upp sína skólanámskrá þar sem fram kemur á hvern hátt leikskólinn uppfyllir þau viðmið sem þar eru sett fram.

Leikskólar gera starfsáætlun þar sem fjallað er um árlega starfsemi leikskólans, birt skóladagatal og ýmsar aðrar hagnýtar upplýsingar um skólahald hvers leikskóla. Áætlunin þarf að fá umsögn foreldraráðs áður en skóla- og frístundaráð tekur hana til afgreiðslu samkvæmt lögum um leikskóla.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Hún á að sýna starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum hvernig starf leikskólans gekk á síðasta leikskólaári og hvernig unnið verði að umbótum og nýjum verkefnum á því næsta.

Í starfsáætlun leikskólans skulu koma fram:

- Matsaðferðir leikskólans og umbótamiðuð áætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats.
- Áherslur í leikskólastarfinu sem ætlunin er að vinna að, markmið, leiðir að markmiðunum áætlun um hvernig þau verða metin.
- Áherslur í starfsáætlun skóla- og frístundasviðs sem leikskólinn vinnur að.
- Starfþróunaráætlun leikskólans og upplýsingar um starfsmannamál.
- Heildarfjöldi barna, og fjöldi barna sem njóta sérkennslu og barna af erlendum uppruna.
- Foreldraráð, foreldrafélag, foreldrafundur og foreldraviðtöl.
- Umsögn foreldraráðs.
- Skóladagatal fyrir árið.

Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til skóla- og frístundasviðs fyrir 1. júlí. Starfsáætlanir eru lagðar fyrir skóla og frístundaráðs til samþykktar.

Mat á leikskólastarfi

Tilgangur innra mats er að leggja faglegan grundvöll að endurbótum í leikskólastarfi og vinna kerfisbundið að því að auka gæði þess og gera það skilvirkara.

Markmið innra mats samkvæmt lögum um leikskóla er að:

- Veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks leikskóla, viðtökuskóla og foreldra.
- Tryggja að starfsemi leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár leikskóla.
- Auka gæði náms og leikskólastarfs og stuðla að umbótum.
- Tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum.

Skólanámskrá leikskólans er skrifleg lýsing á því sem gert er í leikskólanum og á því sem á að gera. Þar koma fram bæði markmið og leiðir leikskólans. Skólanámskrá leikskólans setur því viðmið fyrir matið. Tilgangur ytra mats er að safna upplýsingum um viðhorf foreldra leikskólabarna og starfsmanna til að nota við innra mat leikskólans. Að auki er það liður í ytra mati skóla- og frístundasviðs og/eða Mennta- og menningarmálaráðuneytis.

Hlutverk foreldraráðs

Samkvæmt 11.gr. laga um leikskóla frá 2008 er hlutverk foreldraráðs að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi.

Umsögn foreldraráðs:

Starfsáætlun Brekkuborgar er heilt yfir góð og vel framsett. Markmið leikskólans fyrir komandi vetur eru skýr og góð. Það er mat okkar að síðastliðinn skólavetur hafi mjög gott starfs verið unnið innan veggja skólans. Sameiginlegt borðhald í sal virðist hafa reynst vel sem og aukin samvinna milli deilda. Innra mat hefur verið unnið vel út frá liðnum vetri og er umbótaáætlun skólans í samræmi við greiningu og mat starfsmanna.

Áherslan á Lubbi finnur málbeinið er að okkar mati jákvæð og ætla starfsmenn að afla sér frekari þekkingar við nýtingu námsefnisins og mun foreldrafélagið EIK styðja leikskólann við þá vinnu. Teljum við þessa vinnu mikilvæga í ljósi þess að almennur málþroski barna á Íslandi hefur farið aftur undanfarin ár. Þá teljum við einnig að aukning á útikennslu, þar sem Prisma verkefnið verður notað sem grunnur, mjög jákvæð viðbót við það starf sem nú þegar er unnið við leikskólann.

Sú breyting var gerð á árinu hjá foreldraráði að ákvörðun um sumlokun leikskólans er tekin fyrr en verið hefur, þ.e. í lok hvers starfsárs en ekki á miðjum vetri. Sumarlokun vegna starfsársins 2018-2019 mun því vera kynnt fyrir foreldrum strax í upphafi vetrar. Við ákvörðun um lokun var tekið mið af óskum foreldra undanfarna vetur ásamt því að horft var til óska starfsmanna. Teljum við þessa breytingu nýtast foreldrum vel upp á skipulag sumarleyfa komandi árs.